

## **Samþykkt til stjórnar KÍ – lögverndun kennaraheitisins**

Sjötta þing KÍ leggur til að stjórn KÍ geri það að markmiði sínu að fá starfsheitið „kennari“ lögverndað með formlegum hætti fyrir næsta þing KÍ.

### **Greinargerð:**

Hugtakið kennari gefur ýmislegt í skyn t.d. að einstaklingur hafi menntun og hafi farið í gegnum ferli sem gerði hana eða hann undirbúin/n fyrir miðlun þekkingar og umsjón með nemendum.

Samt er hugtakið ekki lögverndað án þess að við bætist forskeyti; framhaldsskólakennari, grunnskólakennari, leikskólakennari o.s.frv.

Samfélagið ber hinsvegar kannski ekki skynbragð á hvort kennari sé menntaður sem slíkur því hver sem er getur í raun kallað sig kennara hvort sem sá hefur einhverja faglega menntun að baki eða ekki. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir baráttu kennara fyrir því að stöðu þeirra sem sérfræðingar í menntun verði haldið á lofti.

Samþykkt undir liðnum *Önnur mál.*